Þráinn Karlsson (1939-2016), leikari og leikstjóri, Akureyri.

2013/45

Þráinn Karlsson fæddist 24. maí 1939. Foreldrar hans voru Karl Valdimar Sigfússon f. 9.12.1886, d. 25.7.1962 og Vigfúsa Vigfúsdóttir f. 28.12.1899 d. 25.5.1967.

Þráinn átti fimm systkini, fjóra bræður og eina systur.

Þráinn var kvæntur Ragnheiði Garðarsdóttur f. 18.4.1939, þau áttu saman tvær dætur og auk þess átti Ragnheiður tvo syni og eina dóttur úr fyrri samböndum.

Þráinn lauk vélsmíðanámi frá Iðnskólanum á Akureyri og Vélsmiðjunni Atla 1959. Hann kláraði meistarapróf í vélsmíði 1967.

Hann starfaði sem matsveinn og vélstjóri til sjós og síðar sem vélsmiður í Slippnum á Akureyri.

Hann hóf að leika með Leikfélagi Akureyrar árið 1956. Hann var fastráðinn leikari hjá LA eftir að það varð að atvinnuleikhúsi árið 1971. Hann fór með fjölda hlutverka í útvarpi, sjónvarpi og kvikmyndum. Samhliða leikarastörfum sinnti hann myndlist. Þráinn hlaut fjölda viðurkenninga um starfsævina og var m.a. valinn bæjarlistamaður Akureyrar.

Þráinn var einn af stofnendum Alþýðuleikhússins árið 194. Einnig leikstýrði hann fljólda verka hjá LA og ýmsum áhugaleikfélögum á Norðurlandi, auk þess sem hann hannaði og smíðaði leikmyndir.

Þráinn gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir Leikfélag Akureyrar, Félag íslenskra leikara, Iðnnemafélag Akureyrar o.fl.

Þráinn lést á sjúkrahúsinu á Akureyri 22. maí 2016, útför hans fór fram 30. maí sama ár.

Afhendingin barst frá Þráni Karlssyni sjálfum. Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
28. maí 2026

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
A - Almennt				
A - Almennt			**1947 - 2001**	
A	1	1	1947 - 2001	Handrit að leikritinu ,,Stökktu", höf. Oddur Bjarni Þorkelsson,höf. tónlistar Borgar Þórarinnsson; Akureyri í myndlist, samsýning sextán myndlistarmanna á Akureyri (2001, Listasafnið á Akureyri); Leikfélag Akureyrar 30 ára, afmælisrit 1947; Leikfélag Akureyrar 60 ára, afmælisrit 1977; Kirkjulistavika í Akureyrarkirkju 1993.
B - Prógröm leikfélaga				
B - Prógröm leikfélaga			**1914 - 1998**	
B	1	1	-	Prógröm: ,,Kona" og ,,Stjórnleysingi ferst af slysförum", Alþýðuleikhúsið (óárss); ,,Markúsarguðspjall", Leikfélag Akureyrar (einleikur Aðalsteins Bergdal, 1998); ,,Er það einleikið, Leikfélag Akureyrar (einleikur Þráins Karlssonar, óárss.); Vatnsberarnir, Alþýðuleikhúsið (óárss)
B	1	2	1914 - 1983	Prógröm frá ýmsum félögum, merkt og ómerkt
B	1	3	1921 - 1998	Prógröm frá Leikfélagi Akureyrar
B	1	4	1938 - 1969	Prógröm frá Leikfélagi Menntaskólans á Akureyri